

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 02/2019
Fundarritari: Sigríður Ágústsdóttir	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Anna G Sverrisdóttir (AGS) formaður fjármálaráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Liljar Már Þorbjörnsson (LMP) formaður alþjóðaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Sigríður Ágústsdóttir (SÁ) skrifstofustjóri BÍS	Fundarstaður: Hraunbær 123 Dags: 5. feb. 2019 Frá kl. 18:00 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Berglind Lilja Björnsdóttir (BLB) formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskrárráðs	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	MM
1	2	Fundargerðir síðasta fundar Fundargerðir eru sendar til stjórnarmeðlima og ef ekki koma athugasemdir innan þriggja daga frá sendingu teljast þær samþykktar.	KÓ
20	3	Fjármál 1. Úlfljótsvatn Áætlanagerð er í lokavinnslu, stefnt er að því að fá fleiri hópa og markaðssetja svæðið fyrir skátahópa af öllum stærðum. Skoða erlenda skátahópa, fjárfestingar og uppbyggingu. Markmiðið með starfsemi á Úlfljótsvatni er að styrkja og efla skátastarf.	AGS/KÓ
90	4	Stjórnsýsla 1. Starfsáætlun og fjárhagsáætlun BÍS og ráða 2019. Starfsáætlunin er í lokavinnslu og fjárhagsáætlun verður unnin út frá áætluninni. Miðað er við að fullvinna og samþykkja starfsáætlunina á næsta stjórnarfundum. 2. Skátaping 2019 a) Lagabreytingar um einföldun á stjórnskipulagi BÍS. Tillögur stjórnar eru í vinnslu og fyrstu drög voru kynnt á félagsforingjafundi 3. febrúar sl. þar sem m.a. var rætt um fjölda kjörinna í stjórn. Stefnt er að því að setja upp samráðsgátt á afmörkuðu vefsvæði þar sem hægt er að senda inn vangaveltur og athugasemdir.	Allir

		<p>b) Skátaréttur og siðanefnd – það þarf að ganga frá lagalegum atriðum um skátarétt og hvernig t.d. siðanefnd getur tekið fyrir tiltekin mál. Siðanefnd yrði ráðgefandi nefnd fyrir stjórn en hefur ekki dómsvald.</p> <p>c) Tillögur um breytingar á Grunnildum BÍS sem lagðar voru fram á síðasta skátaþingi og samþykktar þurfa að fara aftur fyrir Skátaþingþingið. Skv. lögum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða tveggja Skátaþinga í röð til að breyta Grunnildum BÍS.</p> <p>d) Daginn eftir Skátaþing, sunnudaginn 7. apríl kl. 10-13 verða tvö námskeið í boði: félagsstjórnánámskeið fyrir stjórnir skátafélaga. Á sama tíma er fundur með stjórn og ráðum BÍS. Námskeiðunum lýkur með hádegisverði kl. 13:00.</p> <p>3. Úrsögn úr stjórn Berglind Lilja Björnsdóttir segir af sér formennsku ungmennaráðs og segir sig jafnframt úr stjórn BÍS frá og með Skátaþingi 2019. Berglind telur að nú sé tími fyrir einhvern nýjan að taka við, að þetta sé hlutverk sem einn einstaklingur eigi ekki að sinna of lengi. Margir frambærilegir ungir skátar séu í skátahreyfingunni og mikilvægt að þeir fái tækifæri til að takast á við þær áskoranir sem þessu starfi fylgir. Stjórn þakkar Berglinni vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í leik og starfi.</p>	
15	5	<p>Viðburðir og fræðsla</p> <p>1. Félagsforingjafundur var haldinn 3. febrúar sl. og tókst vel. M.a. voru nýjar hugmyndir að logoi og ímynd skátanna kynnt og var almenn ánægja með þá vinnu. Senda á út endurmat á fundinn til allra sem voru boðaðir. Stjórn þakkar fundarriturum og fundarstjóra fyrir veitta aðstoð.</p>	Allir
30	6	<p>Miðlun upplýsinga og samfélagsþátttaka (Kynning og ímyndarmál)</p> <p>1. Heimasíður BÍS. Verið er að uppfæra ýmsa þætti á heimasíðunni og lögð áhersla og fjármagn í þessa vinnu. Lagt er til að verkefnið verði kynnt á skátaþingi og auglýst eftir fólki í þessa vinnu.</p> <p>2. Ný logo og ímyndarmál. Nýjar hugmyndir að logoi og ímynd skátanna voru kynntar á félagsforingjafundi 3. feb. sl. og var almenn ánægja með þá vinnu og útlit merkisins. Stjórn samþykkir tillögu Tvist með þeirri breytingu að breyta í logoinu úr „skátunum“ í „skáta“. Logoið verður sett á allt sem hægt er til að nota á skátaþingi.</p> <p>3. Búningamál. Stefnt er að því að kynna nýjan búning vel fyrir skátaþing.</p>	Allir
5	7	<p>Starfsmannamál Starfsmannaviðtöl eru í gangi. Skátamiðstöðin tekur þátt í vinnustaðakönnun hjá VR.</p>	KÓ

10	8	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none"> Könnun á störfum stjórnar. Könnun á störfum stjórnar var nýverið send til félagsforingja. Í könnuninni var m.a. spurt um hvernig félagsforingjum finnst stjórn BÍS hafa tekist til með sínar áherslur og málefni, hvað stjórn hefði mátt vinna betur. Spurt var um félagaprennuna, námskeið fyrir foringja – hvað væri vel gert og hvað vantar, störf erindreka og hvað félagsforingjar vilja að þeir leggi áherslu á í sínum störfum fyrir félögin, störf Skátamiðstöðvarinnar og hvað má betur fara þar. Niðurstaðan er sú að almenn ánægja virðist með störf stjórnar en það er alltaf spurning um upplýsingaflæði og fram kom að stjórn mætti kynna betur sínar áherslur. Félagaprennan er vel þekkt innan skátafélaga, erindrekarnir vinna gott starf og er þeirra innlegg í skátastarf félaganna vel þegið. Námskeið og fræðsla er á réttri leið en auka mætti fræðslu/ byrja leiðtogaþjálfun hjá yngstu foringjunum/ aðstoðarforingjum. Störf og þjónusta Skátamiðstöðvarinnar virðast góð en alltaf má bæta. Stjórn BÍS er þakklát þeim sem svöruðu könnuninni – það er mikilvægt að fá þessa endurgjöf og unnið verður með þau atriði sem komu fram. Fundur með Huldu Guðmundsdóttur stjórnarmeðlim í WOSM. Athuga á með fund í mars. Alþjóðamál: NSK skype-fundur var í gær sem LMP tók þátt í. Mikil breyting er á stjórnnum og alþjóðafulltrúum tengdum NSK. Rætt var um Evrópujamboree 2020 og mönnun sjálfbóðaliða og þátttöku í mótinu. Rætt var um mögulegar breytingar á skipulagi og tímasetningar á alþjóðþingum hjá WOSM og WAGGGS. WAGGGS er með áhugaverða leiðtogaþjálfun um heimsmarkmiðin. Ákveðið var að sækja um fyrir 2-3 skáta, umsóknarfrestur er til 17. mars. NORDBUK er að undirbúa ráðstefnu um 12. heimsmarkmiðið. Utanríkisráðuneytið og menntamálaráðuneytið eru með í undirbúningi. MM er tengiliður BÍS. Styrkveitingar á skátapiingi. Móta nýtt styrktarverkefni sem auglýst verður á skátapiingi. Fundur með allsherjarnefnd Alþingis. KÓ og Æskulýðsvettvangurinn hitta Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis í vikunni til að ræða frumvarp um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs. Landsmót 2020 verður kynnt fyrir Norðurlandþjóðunum. Búist er við að þau sendi þátttakendur á mótið. Dósastuldur. Nokkuð hefur verið um að dósam er stolið úr gámum Grænna skáta. Unnið er að því að stöðva það. Trúnaðarmál. Fært í trúnaðarbók. Liljar Már Þorbjörnsson vék af fundi þegar málið var rætt. <p>Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.</p>	Allir
----	---	---	-------